

sonar hdl., ákveðast kr. 1500.00. Ákærði greiði einn þriðja, en ríkissjóður tvo þriðju hluta sakarkostnaðar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 22. febrúar 1957.

Nr. 122/1956. **Ákærvaldið** (Jón Bjarnason hdl.)

gegn

Friðgeiri Ragnari Guðmundssyni

(Jónas Thoroddsen hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Líkamsárás. Sönnunatriði. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa vitni verið eiðfest og nokkur framhaldspróf verið háð í málinu.

I. Líkamsárás á Jón Björnsson.

Í prófum málsins hafa komið fram nokkur atriði, sem veita allmiklar líkur fyrir því, að ákærði sé valdur að áverkum þeim, er Jón Björnsson hlaut umrædda nótt. Ber þar að nefna för ákærða á eftir Jóni Björnssyni, eftir að Jón fór úr húsi ákærða um nóttina, návist ákærða við árásarstaðinn skömmu eftir árásina svo og það, að ákærði, sem var drukkinn, hefur reynzt ofstopamaður við vín. Þá hefur og vitnið Kristín Magnúsdóttir borið, að hún hafi einhvern tíma eftir klukkan tvö nefnda nótt séð tvo menn vera í stimpingum fyrir framan húsið nr. 94 við Hafnargötu og hafi annar þeirra verið ljósklæddur að ofan, en sú lýsing getur átt við búnað ákærða, er hann fór að heiman á eftir Jóni Björnssyni.

Á hinn bóginn ber og að líta til þess, er nú skal greina: Ákærði hefur ekki kannast við að hafa framið árásina. Ekki verður séð af prófum málsins, að ákærði hafi nefnda nótt sýnt neina áreitni eða ofbeldi né verið í árásarhug, og var hann þó búinn að neyta áfengis um nokkurn tíma. Jón

Björnsson, sem er nákunnugur ákærða og lýst hefur því fyrir dómi, að hann hafi séð áráðarmanninn og yrt á hann, hefur samt ekki talið sig geta veitt neina vitneskju um, hver áráðarmaðurinn hafi verið. Ekki er í ljós leitt, að neinn sjónarvottur hafi verið að árásinni. Fyrrgreint vitni, Kristín Magnúsdóttir, kveðst ekki hafa þekkt menn þá, er hún sá vera í stimpingum á götunni, og ekki hafi hún séð neitt högg vera greitt né neinn falla í götuna. Þá telur hún sig ekki geta greint nánar, hvenær nætur þetta var, og er því ofsagt í héraðsdómi, að vitni þetta telji eigi ósennilegt, að viðureign þessi hafi gerzt um klukkan fjögur um nóttina. Þá kemur ekki fram, að framkvæmd hafi verið athugun á ákærða sjálfum eða fatnaði hans eftir árásina né athugað um verksummerki á stað þeim, þar sem ætla má, að árásin hafi verið framin. Loks er þess að geta, að umrædda nótt var haldinn dansleikur í Bolungavík, og var þá talsverður drykkjuskapur í bænum, eftir því sem ráða má af prófum málsins.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, þykir varhugavert að telja sannað, að ákærði sé sekur um líkamsárásina á Jón Björnsson, og ber því að sýkna hann af þessum hluta ákærunnar.

II. Líkamsárás á Þórð Hermann Kristmundsson.

Samkvæmt því, er greinir í héraðsdómi, er sannað, að ákærði hefur gerzt sekur um líkamsárásina á Þórð Hermann Kristmundsson. Hefur ákærði með henni brotið gegn 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing hans fyrir þá hættulegu líkamsárás hæfilega ákveðin fangelsi 18 mánuði.

Ákærða verður ekki dæmd réttindasvipting, þar sem þess er eigi krafizt í ákæruskjali.

Dæma ber ákærða til að greiða Þórði Hermann Kristmundssyni skaðabætur vegna árásarinnar. Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta ákvæði hans um bætur fyrir sjúkrakostnað, kr. 1460.00, og atvinnutjón, kr. 2500.00. Bætur fyrir þjáningar og lýti þykja hins vegar hæfilega ákveðnar kr. 5000.00.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar á meðal málflytnings-

laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 4000.00 til hvors.

Það er aðfinnsluvert, að rannsókn út af árásinni í Bolungavík hófst ekki þegar í stað, að rannsókn á vettvangi og ákærða var látin undir höfuð leggjast, að eigi voru yfirheyrðir allir þeir, sem verið höfðu með ákærða og Jóni Björnssyni umrædda nótt og kvöldið áður, svo og að Jón Björnsson var eigi heitfestur.

Dómsorð:

Ákærði, Friðgeir Ragnar Guðmundsson, sæti fangelsi 18 mánuði.

Hann greiði Þórði Hermanni Kristmundssyni kr. 8960.00.

Ákærði greiði allan kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar á meðal málflytningislaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, héraðsdómslögmannanna Jóns Bjarnasonar og Jónasar Thoroddsens, kr. 4000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði Jóns Ásbjörnssonar hæstaréttardómara.

Svo sem í héraðsdómi greinir, hlaut Jón Björnsson, verkstjóri frá Sauðárkróki, mikla áverka, er hann var á leið frá heimili ákærða, Hafnargötu 64, að Hafnargötu 107 aðfaranótt 7. ágúst 1955. Fannst hann liggjandi meðvitundarlaus við Kaupfélagshúsið við Hafnargötu. Lýsir héraðslæknirinn í Bolungavík, Henrik Linnet, höfuðáverkunum svo, að í boga meðfram vinstri augntóftarbrún hafi verið stórt flakandi skurðsár, um 2 þumlungar á lengd og 1—1½ á dýpt, og augað legið til hálfis út úr tóftinni. Í öðru lagi var nokkur bólga á hægri kjálka framan eyrans. Taldi héraðslæknirinn fyrrgreinda meiðslið bersýnilega stafa af „hvössum áverka“, en hið síðargreinda vera eftir „ávalan áverka“.

Ákærði í máli þessu var þegar í stað grunaður um að hafa valdið áverkum þessum. Höfðu þeir Jón Björnsson setið að

drykkju saman öðru hverju um kvöldið fyrir og um nóttina og loks farið heim til ákærða ásamt nokkrum mönnum öðrum, að afloknum dansleik þar í kaptúninu. Voru þeir þá báðir talsvert ölvaðir, en Jón þó meira, að því er vætti vitna bendir til. Var hann orðinn allmjög drukkinn, þegar hann hélt af stað frá heimili ákærða um kl. 4 umrædda nótt. Hefur kona ákærða, Kristjana Magnea Rósmundsdóttir, borið, að Jón hafi þá haft í frammi illyrði, talað um „að berja og rota alla“. En um kvöldið fyrr hafi hann tvívegis viljað berja ákærða, en hún gengið á milli þeirra.

Af ákærða er það nú að segja, að á meðan kona hans var að fylgja Jóni Björnssyni út fyrir dyrnar, klæddi hann sig úr jakka og ytri skyrtu og hélt síðan á nærskyrtunni einni út á eftir Jóni Björnssyni. Kona ákærða veitti honum litlu síðar eftirför út Hafnargötu og hafði með sér jakka hans. Kveðst hún hafa náð honum í nánd við húsið 79 eða 81 við Hafnargötu og klætt hann í jakkann. Hafi ákærði þá verið slangrandi á götunni og hvorki á innleið né útleið. Kveður hún hann þá hafa bent sér á Jón Björnsson, þar sem hann lá í blóði sínu við Kaupfélagshúsið. Hélt hún þangað og hagræddi Jóni, en ákærði beið spölkorn frá á meðan. Héldu þau því næst inn Hafnargötu og mættu þá vitninu Gesti Oddleifs Kolbeins Pálmasyni, sem hefur borið, að ákærði hafi þá verið grátandi, en kona hans kveður hann aðeins hafa verið klökkvan. Segir vitni þetta þau hafa viljað snúa sér við, sagt, að það væri meiddur maður þarna úti frá, en kona ákærða kveðst ekki minnast þessa. Hélt vitnið áfram og fann Jón Björnsson meðvitundarlausan og stórslasaðan. Kvaddi vitnið Gestur menn honum til hjálpar og sá um, að læknir var sóttur, sem gerði að sárum hans.

Þau ákærði og kona hans héldu áfram inn Hafnargötu, eftir að þau mættu vitninu Gesti. Virðist ákærði hafa numið staðar við heimili þeirra, en kona hans hélt áfram inn götuna að húsinu nr. 50 við Hafnargötu. Þar vakti hún upp vitnið Magnús Ágúst Haraldsson. Kveðst vitnið hafa spurt hana, hvort nokkuð væri að, en hún hafi neitað því, sagt, „að þeim hafi bara orðið sundurorða Jóni Björnssyni og Friðgeiri“ (þ. e. ákærða). Hafi hún beðið vitnið að ganga með sér út að

Kaupfélagshúsi. Kona ákærða neitar að hafa sagt framan- greind orð, kveðst ekki vita til, að þeim hafi orðið sundur- orða Jóni Björnssyni og ákærða.

Þá hefur vitnið Kristin Magnúsdóttir skýrt frá því, að henni hafi einhverntíma umrædda nótt, að því er virðist all- löngu eftir kl. 2, orðið litið út um glugga heima hjá sér í Hafnargötu 110 og hafi hún þá séð tvo menn í stimp- ingum fyrir framan húsið Hafnargötu 94, en það hús er gegnt Kaupfélagshúsinu. Ekki kvaðst hún hafa þekkt menn- ina, en annar þeirra hefði verið á skyrtunni. Veitti hún þessu ekki frekari athygli, en hugði síðar, að þarna hefði verið um Jón Björnsson og ákærða að ræða.

Verður nú vikið að framburði Jóns Björnssonar.

Hann hefur skýrt svo frá, að er hann á leið sinni að Hafn- argötu 107 var kominn á móts við Kaupfélagshúsið, sem er við Hafnargötu nokkurn spöl frá heimili ákærða, hafi maður komið á eftir sér og slegið sig aftan frá á hægri vanga. Er hann sneri sér við, sýndist honum maður þessi halda á steini. Eftir þetta kvaðst hann ekkert muna eftir sér þar til næsta morgun. Ekki kvaðst hann vera öruggur um að vita, hver árásarmaðurinn var, enda var Jón Björnsson drukkinn, svo sem áður segir.

Vætti Magnúsar Ágústssar um ummæli konu ákærða, er hún vakti hann upp, svo og vætti hennar um reiðiyrði Jóns Björnssonar, er hann um nóttina fór út af heimili þeirra hjóna, ásamt þeirri staðreynd, að ákærði kastaði af sér jakka og ytri skyrtu og hélt síðan út á eftir honum á nærskyrt- unni einni, þykir benda til þess, að á milli þeirra hafi risið nokkurir úfar í þeim svifum, er Jón Björnsson hélt á burt, og að ákærði hafi verið í árárhug gagnvart Jóni, er hann veitti honum eftirför út Hafnargötu.

Leitt er í ljós, að örfáum mínútum síðar finnst Jón Björns- son stórmeiddur liggjandi á götunni, og virðist augljóst af áverkum hans, sbr. framangreint læknisvottorð, að hann hafi orðið fyrir árás og verið sleginn a. m. k. tvö högg í andlitið. Var ákærði þá staddur örskammt frá, þar sem Jón lá slas- aður, en ekki sást til annarra mannaferða. Jón Björnsson skýrir svo frá, að maður hafi komið á eftir sér og slegið sig,

bersýnilega aftan frá, á hægri vanga. Kristín Magnúsdóttir ber, að hún hafi um nóttina, a. m. k. þó nokkru eftir kl. 2, að því er ráða má af vætti hennar, séð mann á ljósri skyrtu í stimpingum við annan mann alveg á sömu stöðum og Jón Björnsson fannst slasaður. Þykir það, sem nú var rakið, veita sterkar líkur fyrir því, að ákærði hafi verið árásarmaðurinn. Gæti og varla hjá því farið, að ákærði hefði séð, ef annar maður hefði veizt að Jóni og þá sagt konu sinni frá því, er hann benti henni á, hvar Jón lá slasaður. Þá þykir það styrkja þessar líkur, að ákærði fylgdist ekki með konu sinni, þangað sem Jón Björnsson lá til þess að aðstoða hana við að veita honum hjálp. Verður eigi séð, að hann hafi hirt um að hafast neitt að honum til bjargar. Loks sýnir hinn heiftarlegi áverki, sem ákærði veitti Þórði Hermanni Kristmundssyni nokkru síðar, svo sem frá er skýrt í málinu, að af ákærða er einskis örvænt, er hann reiðist og er með áhrifum áfengis eins og þessa nótt.

Þykir mér þetta allt veita nægar líkur fyrir því, að ákærði sé valdur að árás þeirri á Jón Björnsson, er hann varð fyrir umrædda nótt.

Um önnur atriði málsins, að undanskilinni ákvörðun refsingar, er ég sammála meiri hluta dómenda.

Samkvæmt framanskraðu tel ég refsingu ákærða hæfilega ákveðna fangelsi 2 ár og 6 mánuði.

Dómsorð mitt verður því á þessa leið:

Ákærði, Friðgeir Ragnar Guðmundsson, sæti fangelsi 2 ár og 6 mánuði.

Hann greiði Þórði Hermanni Kristmundssyni kr. 8960.00.

Ákærði greiði allan kostnað af málinu, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar á meðal málflytningislaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, héraðsdómslögmannanna Jóns Bjarnasonar og Jónasar Thoroddsens, kr. 4000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Bolungavíkur 23. júlí 1956.

Ár 1956, mánudaginn 23. júlí, kl. 2, var í sakadómi Bolungavíkur, sem haldinn var í skrifstofu lögreglustjóra af hinum reglulega dómara, Friðriki Sigurbjörnssyni lögreglustjóra, kveðinn

upp dómur í sakadómsmálinu nr. 6/1955 úr Bolungavík og nr. 9/1956 frá Ísafirði:

Ákærvaldið gegn Friðgeiri Ragnari Guðmundssyni sjómanni.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn sama dag, er af hálfu ákærvaldsins höfðað gegn Friðgeiri Ragnari Guðmundssyni sjómanni, til heimilis Hafnargötu 64 í Bolungavík, fyrir brot gegn 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 til refsingar svo og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur á Ísafirði 1. ágúst 1925, og hefur hann, svo vitað sé, sætt eftirfarandi kærur og refsingum:

- | | | |
|------|-------|--|
| 1941 | 21/3 | Áminntur á Ísafirði fyrir brot á 17. gr., 1. mgr., laga nr. 33/1935. |
| 1942 | 24/2 | Ísafirði. Sátt: 15 króna sekt fyrir brot á 3. gr. lög-reglusamþykktar Ísafjarðar. |
| 1943 | 9/10 | Ísafirði. Sátt: 50 króna sekt fyrir brot gegn 18. gr. laga nr. 33/1935. |
| 1947 | 19/9 | Reykjavík: Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður. |
| 1947 | 21/12 | Reykjavík. Sátt: 25 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1948 | 25/2 | Reykjavík. Sátt: 25 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1948 | 30/10 | Ísafirði. Sátt: 50 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri. 200 króna skaðabætur í sama máli. |
| 1948 | 26/7 | Reykjavík. Sátt: 100 króna sekt fyrir ölvun og árás á lögregluna. |
| 1948 | | Reykjavík. Sátt: 150 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1948 | 2/12 | Ísafirði. Sátt: 75 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1950 | 17/12 | Reykjavík. Sátt: 150 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1950 | 8/1 | Bolungavík. Sátt: 100 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1950 | 2/6 | Bolungavík. Sátt: 100 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1950 | 23/6 | Bolungavík. Sátt: 100 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri og 200 króna skaðabætur fyrir spellvirki. |

Svo sem fram kemur í ákæruskjali dómsmálaráðherra, ber að höfða opinbert mál gegn ákærða fyrir líkamsárásir samkvæmt

218. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, og þykir ákærði hafa brotið af sér með því:

1) að ráðast á Jón Björnsson verkstjóra aðfaranótt sunnudagsins 7. ágúst s. l. fyrir utan kaupfélagshúsið í Bolungavík og veita honum áverka á höfði, svo að hann hlaut m. a. varanlega blindu á vinstri auga.

2) að ráðast á Þórð H. Kristmundsson sjómann miðvikudagskvöldið 11. janúar s. l. eða aðfaranótt fimmtudagsins, þar sem þeir voru báðir staddir í húsinu Skipagötu 14 á Ísafirði og stinga hann tvívegis í bakið með hníf.

Er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Verða nú málavextir þessara mála raktir.

I. Árásin á Jón Björnsson.

Laugardagskvöldið 6. ágúst s.l. var haldinn dansleikur í Félagshöfðinu í Bolungavík. Á dansleik þeim var ákærði staddur undir áhrifum áfengis, og hefur ákærði sjálfur viðurkennt í rannsókn málsins, að hann hafi drukkið „ákavíti“ með stuttum hléum frá því kl. 7 um kvöldið, en áfengisdrykkjuna hafði hann hafið heima hjá sér með Jóni Björnssyni verkstjóra frá Sauðárkróki, en undir stjórn hans hafði ákærði unnið við viðgerð á brimbrjótnum í Bolungavík.

Síðar um kvöldið fór ákærði heim til Jóns tvívegis og bætir þar enn á sig áfengi, „koníaki og ákavíti“. Borðar hann lítið um kvöldið, „fisk, frekar lítið“ kl. 7 heima hjá sér.

Ákærði fer á dansleikinn um kl. 11, og hafði hann áður fengið sér áfengi úr ákavítisflösku heima hjá sér, en með sér á dansleikinn hafði hann fulla flösku af ákavíti og 1 pela að auki.

Á dansleiknum gerðist fátt sögulegt. Þegar honum lýkur, mun klukkan hafa verið eitthvað á milli 2 og 3 um nóttina. Heldur ákærði með Magnúsi Ágústi Haraldssyni sjómanni burt úr Félagshöfðinu og heim til ákærða, en þegar hér er komið sögu, eru áfengisáhrif ákærða komin á svo hátt stig, að minnið hverfur, og hann man ekki einu sinni sjálfur, hver hafi fylgt honum heim, en hefur það eftir Magnúsi Ágústi, að hann hafi fylgt ákærða heim, og hefur vitnið Magnús Ágúst einnig borið svo.

Kona ákærða, Kristjana Magnea Rósmundsdóttir, var heima á Hafnargötu 64, og hafði hún ekki farið á dansleikinn með ákærða.

Kveður hún þá féлага, ákærða og Magnús Ágúst, hafa stanzað heima nokkurn tíma, en síðan hafi þeir ásamt henni gengið út og

heim til Jóns Björnssonar verkstjóra, Hafnargötu 107, en stanzað þar lítið, því að Ragnar Pétursson, fóstursonur húsfreyjunnar, sem þar rekur matsölu og gistingu, hafi beðið fólkið að fara út.

Ganga þau nú 4, ákærði, Kristjana Magnea, Magnús Ágúst og Jón verkstjóri, inn Hafnargötu og heim til ákærða. Kona ákærða, Kristjana Magnea, er þá eina manneskjan, sem ekki hefur bragðað áfengi, en telja verður, að allir hinir hafi verið þarna meira eða minna undir áhrifum áfengis. Fær Jón verkstjóri að borða hjá ákærða, og um sama leyti fjölgar þarna, því að hálfbróðir ákærða, Magnús Bjarni Ragnarsson sjómaður, og Gestur Oddleifs Kolbeins Pálmason trésmiður bætast í hópinn, og höfðu báðir verið á dansleiknum.

Ber Kristjana Magnea það, að „engin læti hafi verið í þessum mönnum, aðeins söngur og samræður“.

Rétt fyrir kl. 4 um nóttina fer samkvæmið að leysast upp. Magnús Ágúst fer fyrstur, því næst Gestur Oddleifs Kolbeins, og litlu síðar fylgir Kristjana Magnea Jóni verkstjóra út, og kveður hún hann þá hafa verið mjög drukkinn og „var að tala um að berja og rota alla“.

Meðan Kristjana Magnea fór út að dyrunum með Jóni verkstjóra, hafði ákærði, maður hennar, klætt sig úr jakka og skyrtu, og fer ákærði á nærskyrtunni eftir nokkra stund á eftir þeim, sem undan voru farnir.

Kristjana Magnea heldur fyrst í humátt á eftir ákærða, en sneri við og sótti jakka hans. Var þá Magnús Bjarni eftir inni, og hafði hún hann út með sér og sá á eftir honum upp Bárðarstíg, en það er leiðin heim til hans.

Skundaði Kristjana Magnea nú út Hafnargötu og náði ákærða innantil eða utanvert við Hafnargötu 81 og klæddi hann í jakkann. Kveður hún ákærða þá hafa orðið varan við, að Jón Björnsson lá í götunni við ytra horn kaupfélagshússins, og gengu þau bæði þangað. Lá Jón þar á grúfu meðvitundarlaus, og reisti Kristjana Magnea hann upp, og sneri honum við, þannig að hann lá á bakinu.

Ákærði hafði á meðan staðið á lengdar, en nú héldu hjónin inn Hafnargötu aftur, og var það ætlan þeirra að sækja Magnús Ágúst til hjálpar.

Allt þetta er eftir frásögn Kristjönu Magneu, en ákærði hefur neitað að muna eftir öðrum atburðum næturinnar, frá því hann fór út af dansleiknum, en þeim, að hann kveðst minnst þess, að hafa séð Jón verkstjóra liggja á grúfu í götunni einhvern tíma um

nóttina. Kveðst ákærði ekkert annað muna frá atburðum þessum. Síðar undir rannsókninni breytti ákærði þessu svo, að hann hefði fyrst séð Jón verkstjóra, þegar kona ákærða var að stumra yfir honum.

Þegar þau hjónin koma inn á móts við Bárðarstíg, mæta þau Gestu Oddleifs Kolbeins og hafa orð á því, að Jón verkstjóri liggi út frá.

Ber Gestur Oddleifs Kolbeins það, að þá hafi ákærði verið grátandi, og hafi hjónin bæði viljað snúa honum við og sagt, að það væri „meiddur maður“ út frá.

Um skipti Gestu Oddleifs Kolbeins og hjónanna þarna við Bárðarstíginn er Kristjana Magnea ein til frásagnar að auki vegna minnisleysis ákærða, og neitar hún því, að þau hjónin hafi reynt að snúa Gestu við og fá hann til að hætta við að fara út eftir. Kveður hún ákærða ekki heldur hafa verið grátandi, en hann hafi verið mjög klökkur.

Kristjana Magnea ber það, að Gestur Oddleifs Kolbeins hafi sagt við þau hjónin, að þau skyldu fara heim, „hann skyldi fara til Jóns Björnssonar og sjá um manninn“.

Gestur Oddleifs Kolbeins heldur nú áfram á slysstaðinn, en þau hjónin áfram inneftir, og Kristjana Magnea alla leið til Magnúsar Ágústar, en á meðan slangrar ákærði aftur út götu.

Kveðst Magnús Ágúst hafa litið á úr sitt, þegar Kristjana Magnea hafi vakið hann, og hafi klukkan þá verið 15 mínútur yfir 4 um nóttina, og hafi þá verið liðnar 15 mínútur, frá því hann hafi farið út úr húsi ákærða.

Þeim ber ekki saman, Kristjönu Magneu og Magnúsi Ágústi, um, hvað Kristjana Magnea hafi sagt, þegar hún vakti Magnús Ágúst.

Ber Magnús Ágúst það, að hún hafi svarað þeirri spurningu hans, hvort nokkuð væri að, neitandi, „þeim hafði aðeins orðið sundurorða, Jóni Björnssyni og Friðgeiri“, og bað hún Magnús Ágúst að ganga með sér út að kaupfélagi.

Þessum framburði neitar Kristjana Magnea sem alröngum varðandi „sunduryrði“ Jóns og ákærða. Við samprófun náðist ekkert frekara samræmi í framburðina. Kristjana Magnea tók þá fram, að „henni hafi alls ekki verið kunnugt um, að Jóni og Friðgeiri hafi orðið sundurorða“, og alls ekki kallað á Magnús Ágúst í þeim tilgangi að skilja þá Jón og ákærða.

Magnús Ágúst fullyrðir hins vegar, að Kristjana Magnea hafi talað um, að Jóni verkstjóra og ákærða hafi orðið sundurorða.

Víkur nú sögunni að Jóni verkstjóra Björnssyni. Hann er á um-

ræddum dansleik í Félagsheimilinu. Fer þaðan heim til sín ásamt Per Sulebust sjómanni. Þangað koma, sem áður segir, ákærði og kona hans ásamt Magnúsi Ágústi. Skilja þeir Jón og Per Sulebust við svo búð, en Jón verkstjóri fer heim með þeim þremur til ákærða. Eftir að hafa verið þar nokkra stund, finnst honum hann vera að veikjast og hélt af stað heim einsamall.

Þegar hann kom á móts við kaupfélagshúsið, kom maður á eftir honum og sló hann á hægri vangann. Jón verkstjóri sneri sér þá að manningum og sér, að hann var með stein í hendinni, og ber Jón það, að hann hafi sagt við manninn, að „hann tryði því ekki, að hann væri svo mikil skepna að berja með eða kasta grjóti“.

Eftir þetta man Jón verkstjóri alls ekkert eftir sér, fyrr en klukkan að ganga 9 að morgni sunnudagsins. Hann kveðst ekki vera öruggur um að vita, hver maðurinn hafi verið, og vill ekkert um það fullyrða þess vegna. Áfengisástand sitt kveður Jón verkstjóri hafa verið með versta móti. Hann hafi verið töluvert undir áhrifum víns á versta stigi, þar sem hann hafi fundið, að hann var að veikjast.

Þegar hann er nánar spurður um aðdraganda árásarinnar, segist hann muna það fyrir víst, að maður hafi komið á eftir honum, en honum hafi „sýnt“ maðurinn halda á steini. Hann getur enga grein gert sér fyrir því, hver árásarmaður hafi verið, man heldur ekkert um það, hvort árásarmaðurinn hafi verið ljósklæddur eða dökkklæddur, kveður þetta hafa gerzt svo snöggt, og honum finnst minni sínu hafa hrakað eftir árásina. Jón Björnsson ber það og, að hann eigi ekkert sökótt við neinn þeirra manna, sem með honum voru við skál þessa nótt, né heldur, að hann eigi eða hafi átt í útistöðum við nokkurn mann í Bolungavík.

Í þessu sambandi er rétt að víkja að hug ákærða til Jóns verkstjóra. Ákærði ber það, um leið og hann „segist ekki geta sagt neitt um, hvort hann hafi veitt Jóni Björnssyni áverka þann, sem hann fékk, þykir honum það mjög ótrúlegt, þar sem þeir hafi undanfarið verið góðir vinir“. Og síðar ber hann það, „að það geti vel verið rétt, að þetta kvöld (þ. e. umrætt laugardagskvöld) hafi hann (þ. e. ákærði) átt 5 flöskur af „ákavíti“, sem hann kveður þá Jón hafa ætlað að eiga í „slúttið“, þegar vinnunni við brimbrjótinn lyki“, en þar vann ákærði, sem fyrr segir, þetta sumar undir verkstjórn Jóns.

Þessu næst er að segja frá því, að Jóni Björnssyni er nú komið undir læknishendur Henriks Linnets héraðslæknis í Bolungavík, og gengur fram í því Gestur Oddleifs Kolbeins, sem fer til Þórðar Hjaltasonar símtjóra, sem heima á þar rétt hjá, og hringir hann

í lækinn, er kemur svo ásamt fleira fólki, sem hjá honum var statt, og er Jón verkstjóri borinn í teppi af þeim heim til hans að Hafnargötu 107. Auk þess kemur þarna Magnús Ágúst og gengur fram í því að flýta fyrir því, að lækurinn komi á vettvang.

Er þá næst að lýsa áverkum Jóns verkstjóra, eins og þeim er lýst í áverkavottorði á dskj. nr. 1, útgefnu af Henrik Linnet hér-aðslækni.

I. Stórt flakandi skurðsár var í boga meðfram vinstri augn-tóttarbrún, um 2 þumlunga á lengd og 1—1½ á dýpt. Rendur þess voru tiltölulega sléttar, og er því berlega hvössum áverka um að kenna. Augað lá til hálfis út úr tóttinni, og við nánari prófun sá slasaði ekkert með því, og aðgerðir augnlæknis hafa ekki megn-að bjarga því. Nokkuð mar eftir blæðingu kom út á efri augnloki, en ekkert eða nær ekkert í kringum sjálft sárið, enda greri það á vikutíma.

II. 2 smáfleiður á höfði, er ekki tók að búa um.

III. Nokkur bólga á hægri kjálka, framan eyrans, eftir ávalan áverka, en mar að ráði kom þar ekki fram, en stríðleiki og eymsli.

IV. Merki um léttan heilahristing komu fram, en hurfu fljót-lega.

Í vottorði Úlfars Þórðarsonar augnlæknis á dskj. nr. 2 segir svo m. a.:

„Slasaði hefur að mínum dómi orðið fyrir áverka af sljóu áhaldi með þeim afleiðingum, að augað fylltist af blóði, þannig að augað eyðilagðist að öllu leyti og er varanlega blint“.

Ákærði í máli þessu heldur því fram, að hann muni ekkert um atburðarás næturinnar, eftir að hann kom af dansleiknum marg-nefnda nótt, þrátt fyrir ítrekaðar yfirheyrslur.

Sá, sem varð fyrir árásinni, treystir sér ekki til að vita, hver árásarmaðurinn var, þótt hann muni, að maður hafi komið á eftir honum, og hafi „sýnzt“ hann vera með stein í hendinni, sem virð-ist líklegt, eftir læknisvottorðunum að dæma. Eini sjónarvottur-inn, sem til hefur náðst, er Kristín Magnúsdóttir verzlunarmær. Hún ber það, að hún hafi komið af margnefndum dansleik í Fé-lagsheimilinu ásamt unnusta sínum, Sigurjóni Sveinbjörnssyni. Kveðst vitnið hafa vakað lengur en unnusti þess m. a. til að bíða eftir föður þess, sem er húsvörður í Félagsheimilinu og kemur af þeim sökum seint heim eftir dansleiki. Vitnið getur ekki tilgreint nákvæmlega tímann, þegar það var statt í eldhúsinu heima hjá sér um nóttina, en telur ekki ósennilegt, að það geti hafa verið um kl. 4 um nóttina. Hafi vitnið verið eitt í eldhúsinu. Hafi því þá orðið litið út um gluggann inn Hafnargötu, og hafi það þá séð

tvo menn vera í stimpingum á götunni fyrir framan húsið Hafnar-
götu 94, en það er andspænis Kaupfélagshúsinu.

Kveður vitnið nokkuð hafa verið skuggsýnt, en vel mátt sjá
mennina. Vitnið kveðst ekki hafa þekkt þá, en einungis dottið í
hug daginn eftir, þegar það heyrði um atburði næturinnar, að
þar hefði verið um ákærða og Jón verkstjóra að ræða.

Hins vegar kveðst vitnið muna greinilega, að annar mannanna
hafi verið á skyrtunni. Kveðst vitnið muna það svo greinilega, að
það kveðst geta unnið eið að þeim framburði sínum.

II. Árásin á Þórð Hermann Kristmundsson.

Ákærði, Friðgeir Ragnar Guðmundsson sjómaður, kveðst hafa
verið staddur á Ísafirði 11. janúar s.l. Var hann þá skipverji á
v/b Víking úr Bolungavík, sem hafði bilað í róðri og verið dreg-
inn til Ísafjarðar. Kveðst ákærði hafa dvalizt á Ísafirði hjá móður
sinni að Þvergötu 4.

Hann kveðst á 10. tímanum hinn 11. janúar að kvöldi hafa farið
að Skipagötu 14 á Ísafirði og ætlað að hitta þar Sumarlínu Lauf-
eyju Elíasdóttur, sem hann hafi kannast við úr Bolungavík og
hann vissi, að dvaldist þar.

Kveðst ákærði hafa verið lítils háttar undir áhrifum áfengis,
þegar hann kom heim til Sumarlínu Laufeyjar.

Sumarlína Laufey bjó vel og átti allstórt glas fullt af brennslu-
spíritus, og drukku þau úr því út í kaffi, sem húsráðandi, Anna
Óladóttir, hafi komið með handa þeim.

Kveður ákærði þau hafa drukkið þetta mjög ört. Þá segir ákærði
einnig, að Sumarlína Laufey hafi verið með á glasi litlar, hvítar
töflur, og hafi hún sagt, að þær hefðu sömu áhrif á menn og áfengi.
Ákærði segir Sumarlínu Laufeyju hafa sagt áhrif þeirra vara í
fimm klukkustundir. Ákærði tók inn 2 töflur og Sumarlína Lauf-
ey sama magn.

Kveðst ákærði hafa orðið fljótlega mjög drukkinn af spíritus-
um og töflunum, og hann minnir, að Sumarlína Laufey hafi einnig
orðið mjög ölvuð. Leið þannig tíminn hjá þeim við spjall og söng.

Þá kemur inn í herbergið Þórður Hermann Kristmundsson, en
ekki man ákærði, hvenær það var. Settist hann á divaninn og
neitaði að verða burtu úr herberginu, þótt bæði ákærði og Sumar-
lína Laufey bæði hann þess.

Kveðst ákærði þá hafa ætlað að láta hann út, en Þórður Her-
mann hafi þá slegið til ákærða, og lenti höggið á nefinu.

Hófust nú slagsmál, og bárust átökin um herbergið. Kveðst

ákærði muna, að Þórður Hermann hafi komið honum undir og legið ofan á honum og hafi haldið fyrir kverkar ákærða.

Dettur þá ákærða í hug skeiðahnífur, sem hann hafði keypt kvöldið áður hjá Örnólfi Hálfðánarsyni, Sundstræti 14, Ísafirði. Kveðst ákærði hafa fallizt á það sjónarmið kaupmannsins, að það væri gott fyrir sjómenn að eiga svona hníf, sem hægt væri að festa við sig, og keypt hnífinn.

Dró hann nú hnífinn úr slíðrum og rak hann, að hann minnir, tvisvar sinnum með hægri hendi í bakið á Þórði Hermann. Losaði Þórður Hermann þá takið á hálsi ákærða. Ákærði man eftir því, að Þórður Hermann hafi spurt hann, hvort hann væri með hníf.

Húsráðandi, Anna Halldóra Ólafsdóttir, kom nú inn í herbergið, og stóð ákærði þá upp og settist á dývaninn.

Sá hann þá blóð renna úr baki Þórðar Hermanns, og brá ákærða mjög við það. Ákærði man óljóst, hvað síðan gerðist, en Þórður Hermann var borinn út úr herberginu, en lögreglan hafi fylgt ákærða heim til móður hans, þar sem hann fór að sofa.

Hnífur sá, sem ákærði notaði, fannst síðar í herberginu af Sumarlínu Laufeyju, sem afhenti hann húsráðanda, Önnu Halldóru, og hún lögreglunni, og viðurkenndi ákærði í dómnum, að það væri sá rétti hnífur.

Sá, sem fyrir árásinni varð, Þórður Hermann Kristmundsson, kveðst hafa á s.l. hausti ráðizt vélstjóri á v/b Freyju frá Suðureyri, en hafi síðan um áramót dvalizt á Ísafirði og leigt herbergi og verið í fæði hjá Önnu Óladóttur, Skipagötu 14.

Kveðst hann um kvöldið 11. janúar s.l. hafa neytt áfengis heima hjá sér ásamt öðrum manni og kveðst hafa orðið nokkuð ölvaður. Þórður Hermann segist hafa kynnt Sumarlínu Laufeyju nokkuð, og segir hana hafa haft herbergi á sömu hæð og hann.

Þetta kvöld hafi hann farið inn í herbergi hennar og hafi þá verið nývaknaður. Hafði sofið um kvöldið. Í herbergi hennar hafi verið maður, sem hann þekkti ekki, en sá maður kvaðst vera úr Bolungavík. Þórður Hermann kveður þau öll hafa farið að spjalla saman og hafi farið vel á með þeim.

Þau, sem fyrir voru í herberginu, hafi verið að drekka brennsluspiritús og gáfu Þórði. Hann kveðst ekki hafa heimtað af þeim áfengi, heldur hafi þau boðið honum brennsluspiritús og Sumarlína Laufey hellt út í glasið. Ekki man Þórður Hermann eftir því, að þau hafi beðið hann að fara út úr herberginu. Kveðst hann ekki hafa verið ókurteis eða hrottalegur í orðum, eftir að hann kom inn í herbergið, eins og Sumarlína Laufey ber.

Þórði Hermann virtist ákærði vera lítið undir áhrifum áfengis,

en Sumarlína Laufey virtist vera allmikið ölvuð. Þá kveður Þórður Hermann ákærða hafa allt í einu staðið upp og beðið hann að fara út úr herberginu. Þórður Hermann sagði það vera sjálfsgagt, en hann ætlaði fyrst að klára úr glasinu.

Meðan á því hafi staðið, hafi ákærði slegið hann í andlitið og Þórður Hermann slegið aftur til ákærða, og hófust þá ryskingar milli þeirra. Ætlaði Þórður Hermann þá að forða sér út úr herberginu, en það hafi ekki tekizt. Hann man ekki, hvernig viðureign þeirra var háttað, þegar ákærði stakk hann í bakið, en hann kveðst hvorki hafa lagzt ofan á ákærða nú haldið fyrir kverkar honum. Ekki man hann heldur til þess að hafa slegið til ákærða að fyrra bragði.

Lengur man Þórður Hermann ekki, hvað gerist, nema það, að hann er borinn út úr húsinu.

Vitnið Sumarlína Laufey segir frá atvikum að heimsókn ákærða á sama hátt og hann. Kveðst hún hafa spurt húsráðanda, Önnu Halldóru, hvort ákærði mætti koma upp á herbergi til sín, og hún sagt það vera velkomið. Kveður Sumarlína Laufey ákærða ekki hafa verið undir áhrifum áfengis, þegar hann kom, en vill þó ekki fullyrða það. Kveðst hún hafa átt brennsluspiritus á glasi, sem hún hafði keypt í apótekinu á Ísafirði, og tekur fram, að hún hafi keypt hann vegna þess, að hún hafi verið með svólítið sár á hægri úlnlið. Hún kveður Önnu Halldóru hafa komið með kaffi upp í herbergið til hennar og ákærða, og greiddi ákærði kaffið. Þau hafi síðan hellt brennsluspiritusnum út í kaffið. Kveðst Sumarlína Laufey hafa fundið lítillaga til áfengisáhrifa. Ekki kvaðst hún hafa veitt því athygli, að ákærði væri mikið ölvuður.

Hún segir þau ákærða hafa verið að spjalla saman og syngja, þegar Þórður Hermann hafi ruðzt inn í herbergið til þeirra, og segir hún hann hafa verið mjög undir áhrifum áfengis. Hún segir Þórð Hermann hafa spurt þau, hvort þau ættu ekki eitthvað að drekka, en hún svarar, að þau ættu ekkert. Segir hún Önnu Halldóru hafa komið inn í herbergið í þeim svifum og beðið Þórð Hermann að fara út og láta þau ákærða í friði, en hann hafi ekki sinnt því. Síðan hafi Anna Halldóra farið út úr herberginu aftur.

Kveðst Sumarlína Laufey hafa beðið hann hins sama og sömu-leiðis ákærði, en engu þessu hafi Þórður Hermann sinnt, en var mjög hrottalegur í orðum og ókurteis, og kvað það lygi, að þau ættu ekki vín, og „þau skyldu halda kjafti“.

Kveðst Sumarlína Laufey halda, að klukkan hafi verið um 23.30, þegar Þórður Hermann kom inn í herbergið. Skipti það nú engum togum, að þeir ákærði og Þórður Hermann ruku saman og

byrjuðu að slást. Kveðst hún ekki geta sagt um, hvor fyrr hafi byrjað slagsmálin. Þeir hafi slegizt nokkra stund og viðureign þeirra borizt fram og aftur um herbergið, og kveðst hún hafa átt fullt í fangi með að verja sig og þess vegna ekki veitt viðureign þeirra nánar athygli. Kveðst hún fyrst hafa, eftir að Anna Halldóra hafi verið komin inn í herbergið, veitt því athygli, að Þórður Hermann hafi legið á bakinu á gólfinu og ákærði ofan á honum, og kveðst hafa séð, að þeir voru báðir blóðugir um höfuð og hendur, og tók hún þá eftir því, að Þórður Hermann hreyfði sig ekki og kveðst fyrst hafa haldið, að þeir hefðu fengið áverka við að rekast á borð og miðstöðvarofn og gluggakistu, en það hafi hún séð þá gera.

Síðar í rannsókninni og nánar aðspurð, segist hún ekki hafa tekið eftir því, að Þórður Hermann lægi ofan á ákærða á gólfinu og tæki fyrir kverkar honum. Hún hafi ekki séð ákærða með hníf eða að hann hafi beitt honum. Kveðst hún ekki geta munað þetta. Tók hún fram, að hún hafi setið við drykkju nóttina áður með öðrum manni, og hafi hún ekkert sofið. Sama dag og ákærði kom, hafi hún haldið áfram að drekka, og hafi hún ekkert verið farin að sofa, er hann kom. Kveðst hafa verið drukkin og syfjuð þetta kvöld.

Þegar Anna Halldóra kom inn í herbergið, hafi ákærði staðið upp. Hún hafi síðan aðstoðað Önnu Halldóru við að bera Þórð Hermann fram á ganginn. Hafi þá lekið blóð úr skyrtu hans, einkum á bakinu. Hann hafi verið með lokuð augun og ekki sagt neitt við þær, og kveðst hún ekki hafa getað gert sér grein fyrir, hvort hann væri í yfirlíði eða ekki. Anna Halldóra hafi strax sent eftir lögreglunni, og hafi hún komið skömmu síðar.

Sumarlína Laufey skýrði frá því, að hún hafi kvöldið áður fengið lánaðan vasahníf hjá Þórði Hermanni til að gera við sígar-ettukveikjara. Ákærði hafi að beiðni hennar reynt að laga kveikjarann með hnífnum, sem hún kveðst halda, að hún hafi fengið aftur í hendurnar, allöngu áður en Þórður Hermann kom inn í herbergið. Lögreglan fann vasahníf undir legubekk í herberginu, og lýsti Sumarlína Laufey yfir því, þegar henni var sýndur hann, að það væri sami hnífurinn.

Varðandi töflur þær, sem hún hafi gefið ákærða, kveður hún þær vera svefntöflur, sem hún hafi keypt í lyfjabúðinni eftir lyfseðli frá lækni. Kveðst Sumarlína Laufey hafa keypt þær að beiðni Þórðar Hermanns og hann fengið henni peninga til þess. Hún hafi svo fengið nokkrar töflur frá Þórði Hermanni. Hún heldur því fram, að Þórður Hermann hafi látið ákærða

hafa töflurnar. Man þó ekki vel, hvort svo hafi raunverulega verið. Þórður Hermann segir hins vegar, að Sumarlína Laufey hafi beðið hann um peninga daginn áður til að kaupa einhverjar töflur, sem Sumarlína Laufey sagðist verða að nota og hafa notað s. l. átta ár. Lánaði Þórður Hermann henni 30 krónur, en fékk ekkert af töflunum.

Vitnið Anna Halldóra ber líkt þeim ákærða og Sumarlínu Laufeyju um komu ákærða í húsið. Kveðst hún að beiðni Sumarlínu Laufeyjar hafa farið með kaffi upp á herbergi hennar, en sjálf hafi Sumarlína Laufey áður farið með kaffi upp á hitageymi.

Þegar Anna Halldóra hafi komið upp í herbergið með kaffið, hafi Þórður Hermann verið þar fyrir, og Sumarlína Laufey verið að biðja hann að fara út úr herberginu. Kveður hún Þórð Hermann hafa verið drukinn þenna dag, en hann myndi eitt-hvað hafa sofið um kvöldið, en hann hafi verið mjög ölvaður, er hún kom upp. Ekki kveðst Anna Halldóra hafa séð áfengis-áhrif á ákærða, þegar hann kom fyrst í húsið, og ekki heldur veitt því athygli, hvort ákærði hafi verið ölvaður, þegar hún hafi komið upp í herbergið. Ákærði hafi þá setið á legubekk og verið að tala við Þórð Hermann. Þar eð Anna Halldóra kveðst hafa vitað, að ákærði og Sumarlína Laufey vildu koma honum út úr herberginu, hafi hún beðið hann um að fara. Hafi hann tekið því mjög fjarri og spurt, hvort hann mætti ekki rabba við kunningja sinn.

Anna Halldóra kveðst hafa beðið þau þrjú að vera róleg, farið út og inn í herbergi sitt og háttað. Hafi hún legið nokkra stund út af, í mesta lagi 15—20 mínútur, en þá hafi hún heyrt einhvern hávaða úr herbergi Sumarlínu Laufeyjar, sem var næsta herbergi. Fór Anna Halldóra framúr og í skó og slopp og hélt yfir um til herbergis Sumarlínu Laufeyjar. Þegar Anna Halldóra opnaði dyrnar, hafi Þórður Hermann legið á bakinu á gólfinu og ákærði að nokkru ofan á honum, og hafi þeir haldið báðir tókum hvor á öðrum. Blóð hafi verið á gólfinu hjá þeim og eins í fötum þeirra.

Kveðst Anna Halldóra hafa heyrt Þórð Hermann segja, um leið og hún hafi komið inn: „Hefur hann hníf“ eða „er hann með hníf, helvítis maðurinn“.

Hafi hún þá séð, þegar hún kom nær, að slíður af skeiðahníf hafi staðið út undan fötum þeirra. Hafi hún tekið þetta upp og haldið fyrst, að þetta væri hnífurinn. Hnífinn hafi hún svo fundið hinum megin í herberginu undir borði, og hafi hann verið blóðugur, bæði skaftið og blaðið. Rétt á eftir hafi gamall maður,

Guðmundur Guðbrandsson, sem leigir hjá vitninu, komið í herbergisdyrnar og spurt, hvað um væri að vera. Hafi Guðmundur gengið til Þórðar Hermanns og beðið hann að koma með sér. Um sama leyti segir vitnið, að ákærði hafi staðið upp og setzt á legubekkin.

Hafi þau reynt að reisa Þórð Hermann upp, en hann hafi hnigið niður aftur, enda mikið blætt úr baki hans. Hafi þau ætlað að koma honum í rúm hans, en ekki getað borið hann nema fram á ganginn.

Anna Halldóra sendi Guðmund strax til að kalla á lögregluna, og hafi lögregluþjónar komið litlu síðar.

Guðmundur Guðbrandsson, sem áður segir, að leigir hjá Önnu Halldóru, Skipagötu 14, ber það, að hann hafi umrætt kvöld verið að líta eftir í miðstöðinni í kjallaranum, um klukkan 23.30. Hafi hann þá heyrt einhvern hávaða ofan úr húsinu. Taldi hann þá víst, að einhverjar ryskingar hefðu orðið uppi.

Guðmundur kveðst hafa vitað, að Þórður Hermann hafi verið ölvaður þenna dag, en muni hafa sofnað um kvöldið. Einnig kveðst Guðmundur hafa orðið var við, að maður hafi komið í húsið kl. 9.30 þetta kvöld og spurt eftir Sumarlínu Laufeyju.

Guðmundur heldur nú upp á loft og leit inn í herbergi Sumarlínu. Voru þeir þá í áflogum, Þórður Hermann og ákærði.

Bárust átök þeirra um herbergið og hafi þeir fallið á gólfið, skömmu eftir að Guðmundur kom inn, og undir borð, er stóð í horni við gluggann. Guðmundur kveðst ekki hafa séð þá koma höggi hvor á annan, þótt þeir reyndu til þess, og hann kveðst ekki hafa séð, að þeir væru blóðugir, þegar hann kom inn. Minnir hann, að þeir hafi legið hlið við hlið undir borðinu. Sá hann þá þó ekki nema upp að mitti, því að borðið skyggði á.

Rétt á eftir heyrir hann Þórð Hermann segja: „Ertu með hníf“ eða eitthvað í þá átt.

Kom nú Anna Halldóra inn í herbergið. Tók hún upp slíður af hníf, sem lá á gólfinu, og sá Guðmundur það, en ekki hnífinn. Sá hann nú ákærða standa upp og setjast á svefnsófa. Hafi blætt mikið úr baki Þórðar Hermanns, sem hafi árangurslaust reynt að setjast upp. Hafi Guðmundur og Anna Halldóra borið hann fram á gang, en Guðmundur síðan hringt á lögregluna.

Guðmundur kveður ákærða ekki hafa verið mikið ölvaðan, en hann hafi virzt mjög æstur.

Lögregluþjónarnir, sem á vettvang voru kallaðir, þeir Halldór Jónmundsson og Kristján Kristjánsson, segja, að klukkan hafi verið 12 á miðnætti, þegar hringt var á lögreglustöðina og beðið

um lögregluaðstoð að Skipagötu 14. Hafi þeir séð Þórð Hermann liggja á ganginum mjög ölvaðan og máttfarinn. Talaði hann eitthvað óskýrt, og fót hans voru öll ötuð blóði.

Var farið með hann inn í herbergi og haft samband við nætur-lækni, Ólaf Sveinsson, og síðar sjúkrahúslækninn, Úlf Gunnarsson, sem báðir hafi komið á vettvang, en Þórður Hermann hafi svo verið fluttur í sjúkrastofu í sjúkrahúsið.

Ákærði hafi setið á svefnsófa, blóðugur í andliti, hægri hönd og fót hans hægra megin, ósærður. Leitað var eftir hníf í fötum ákærða, en enginn fannst. Gólf í herberginu og húsgögn allt atað blóði. Húsgögn hafi færzt til, og auðséð var, að miklar ryskingar höfðu orðið þar inni. Með ákærða var farið heim til móður hans, að Þvergötu 4, að fyrirlagi sýslufulltrúa, en lögreglan sá um, að hann færi ekki úr bænum.

Ákærði var áberandi ölvaður, en sýndi engan mótþróa við lögregluna.

Er þá lokið við að rekja frásagnir um atburðinn.

Varðandi líkamsmeiðsli Þórðar Hermanns segir svo í vottorði sjúkrahúslæknis, Úlfs Gunnarssonar, dags. 25. jan. s. 1.

„Að hann hafi verið rænulaus við komuna á sjúkrahúsið, allur útsteyptur í blóði, náfölnur með litlum, lélegum púls, og greinilegt, að hann hafi misst mikið blóð. Talsverð vínlykt fannst af Þórði Hermanni.

Við nánari skoðun fundust 2 sár á baki, annað 3 cm breitt, rétt vinstra megin við hrygginn, um það bil 7 cm djúpt og endaði í millirifjabili. Um þetta sár fór loft út og inn við öndun, og sýnir þetta, að brjósthimnan er særð. Hitt sárið situr dálítið neðar, hægra megin á bakinu, er 5 cm breitt og 9 cm djúpt, og endar það á rífi. Þar að auki finnst smáskurður yfir vinstri augabrún.

Ástand Þórðar er gott núna, og mun hann ekki fá varanlegt mein af þessum áverka.“

Um þetta leyti segir dómari Þórð Hermann farinn af sjúkrahúsinu og kominn til Súgandafjarðar, þar sem hann verður á vélbát í vetur.

III. Er nú lokið við að rekja málavexti og komið að því að lýsa geðheilbrigðisrannsókn, sem gerð var á ákærða.

Eftir komu ákæruskjals í lok marz 1956 fór ákærði sjálfviljugur að beiðni dómars í geðheilbrigðisrannsókn að Kleppi til dr. Helga Tómassonar og dvaldist þar í 10 daga.

Dr. Helgi Tómasson segir svo í niðurstöðu álitsgerðar sinnar:

„Álit mitt á Friðgeiri Guðmundssyni er þetta: Hann er krón-

iskur alkoholisti, en hvorki fáviti né geðveill. Það er um að ræða 30 ára gamlan, giftan sjómann úr Bolungavík. Hann hefur verið mikið og sífellt veikur af berklum frá 4 mánaða til 4 ára, og eftir það síveill, með króniska hálseitlabólgu til 17 ára. Hann varð fyrir meiri háttar slysum 7 ára og 11 ára.

Af einhverjum ástæðum er ákveðið að skipta um nafn á honum, er hann er 4 ára, en það dregst þó endanlega til þess, að hann er fermdur.

Fyrstu 4 árin er hann mikið án móðurumhyggju, þar sem hann er mikið á spítala. Foreldrarnir skilja endanlega, er hann er 4 ára.

Elst svo upp hjá móður og stjúpa, en tekur ástfóstri við hálfblinda, gamla konu, sem deyr vofeiflega á jólnunum, er hann er 8 ára. Tekur sér það afar nærri. Lagður í einelti, er hann byrjar í skóla, og er uppnefndur, og loðir uppnefnið við hann alla tíð, á meðan hann er á æskustöðvunum. Hefur hann tekið sér það afar nærri.

Þegar eftir fermingu byrjar hann að vinna fyrir sér, en lendir ári síðar til sjós með drykkjurafni, sem kemur honum upp á að drekka allskyns ólyfjan, með þeim afleiðingum, að eftir tvö ár hefur hann fengið svæsna magabólgu, sem svo smálagast. Trúlofast 18 ára gamall konu 7 árum eldri, ágætismanneskju að manni skilst, en getur svo húsnæðisleysis vegna ekki verið samvistum með henni í 2 ár eftir fyrsta búskaparár þeirra.

Byrjar svo að smádrekka á ný, en drykkjuskapurinn ágerist mjög seinni árin. Hann drekkur eins og svoli og verður oft hinn dólgsgasti. Er margsektaður fyrir óspektir. Í janúar s.l. stingur hann mann, sem hann er í slagsmálum við, með hníf í bakið og særir hann nokkuð. Þótt hann bíði dóms í því máli, hefur hann samt lent tvisvar á fyllerí síðan.

Þrátt fyrir drykkjuskapinn er hann sagður skilamaður á fé, atorkusamur og áreiðanlegur og hugsunarsamur við fjölskyldu sína.

Heilarit hans er ekki eðlilegt, en verður ekki með vissu sagt endanlega um, hvað breytingarnar í því bendi á. Enginn geðveikiseinkenni eru önnur en kroniskur alkoholismi, sem virðist tilkominn hjá líkamlega veillum, dulhrjáðum, ungum dreng, sem strax eftir fermingu er dreginn út í drykkjuskap, svo að hann veikist mikið af honum. Örlögin gera honum erfitt fyrir að fá að vera með heitmey sinni um nokkurn tíma, en síðan virðast þau standa saman, þrátt fyrir drykkjuskap hans, með

5 ung börn þeirra, sem honum hefur tekizt að sjá nokkurn veginn farborða til þessa.

Maðurinn er á þeirri braut drykkjuskaparins, að óhjákvæmilegt er fyrir hann að hætta algerlega neyzlu áfengra drykkja ævi-langt.“

Á framanskráðri álitsgerð er ljóst, að hneigð ákærða til ofstopa og árása má rekja til orsaka, sem stafa kunna frá óheppi-legu uppeldi og umhverfi og hegðun samborgara hans í æsku. Ljóst er og, að drykkjuhneigð hans getur valdið algeru óminni hjá honum og einnig aukið afbrotahneigð þá, sem stundum birtist í fari hans. Dagfar hans venjulega er mjög ólíkt því, sem birtist, þegar hann neytir áfengis. Þó verður ekki talið, að ákærða bresti sakhæfi af þessum sökum, en með tilvísun til álitsgerðar dr. Helga, verður að telja, að minnisleysi ákærða við ofnotkun áfengis valdi því, að ákærði verði ekki að öllu leyti talinn sjálf-ráður gerða sinna.

IV. Í málinu vegna árásar á Jón Björnsson verkstjóra hefur ákærði neitað því staðfastlega að muna eftir atvikum að árás-inni. Hann virðist hafa verið á því stigi ölvunar, sem hann er haldinn því algera minnisleysi, sem dr. Helgi talar um í álits-gerð sinni.

Fullsannað er í málinu, að ákærði hefur setið að drykkju með Jóni heima hjá ákærða. Það verður og að teljast sannað með fram-burði ákærða og konu hans, Kristjönu Magneu, að ákærði hafi klætt sig úr jakka og skyrту heima hjá sér um nóttina, um kl. 4, og að hann hafi þá hlaupið út úr húsinu, eftir að Jón verkstjóri fór burt þaðan, enda ber Kristjana Magnea það, að hún hafi hlaupið á eftir ákærða skömmu síðar með jakka, sem hún hafi klætt ákærða í, eftir að ákærði „hafði orðið var við, að Jón lá á götunni við ytra horn kaupfélagshússins“, svo sem fram kemur í framburði hennar. Tíminn, sem líður, frá því að Jón verkstjóri og ákærði fara út úr húsi ákærða, og þar til Kristjana Magnea veur Magnús Ágúst til hjálpar, vegna þess, sem hann segir, að þeim ákærða og Jóni hafi orðið sundurorða, er svo stuttur, eða um 15 mínútur, að því er næst verður komizt, að tæpast getur verið um annan mann að ræða en ákærða, sem sézt gæti „á skyrтunni í stimpingum við annan mann á árásarstaðnum“, eins og fram kemur í vitnisburði sjónarvotts, Kristínar Magnúsdóttur.

Ákærði hefur og sjálfur viðurkennt, að hann hafi séð Jón verk-stjóra liggja á götunni, og kona hans, Kristjana Magnea, mætir honum rétt í námunda við slystaðinn, og er hann þá á skyrтunni.

Eitt vitni ber það, að rétt á eftir hafi ákærði verið „grátandi“, og kona hans viðurkennir, að hann hafi verið „mjög klökkur“.

Við þessi atriði bætist sú staðreynd, að ákærði er mikill drykkju- maður, sem haldinn er ofstopa- og árásarhneigð, þegar hann er undir áhrifum áfengis, sbr. margnefnda álitserð dr. Helga Tómassonar.

Þá er Ísafjarðarmálið þessu til viðbótar.

Telja verður framkomnar nægilega sterkar líkur fyrir því, að ákærði hafi valdið árásinni á Jón Björnsson og afleiðingum hennar.

V. Í málinu vegna árásar á Þórð Hermann Kristmundsson er framkomin játning ákærða sjálfs um það, að hafa stungið Þórð Hermann með hnífi, ásamt framburði vitna, sem allir ganga í sömu átt. Verður að telja fullsannað, að ákærði sé að árásinni valdur og afleiðingum hennar.

VI. Ákærði var í báðum þessum framangreindu árásum undir áhrifum áfengis, og þeir, sem hann hefur á ráðizt, hafa verið að drykkju með honum. Í seinna skiptið er það vitað, að brotið er framið, meðan standa yfir slagsmál milli ákærða og þess manns, sem fyrir brotinu varð, og ekki verður fullyrt, að ákærði hafi átt meiri þátt í að hefja þau slagsmál en hinn maðurinn.

Ekki verður það séð á málavöxtum, að um beinan ásetning til líkamsmeiðinganna hafi verið um að ræða hjá ákærða, eða komið auga á neina huglæga ástæðu til þeirra, samanber framburði Jóns verkstjóra og ákærða um samband þeirra, sem báðir telja, að hafi verið gott.

Með heimild í 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 verður refsing tiltekin í einu lagi fyrir bæði brotin. Varanlegt tjón hefur samkvæmt læknisvottorðum hlotizt af árás ákærða á Jón Björnsson, þar sem annað auga hans er með öllu ónýtt.

Eftir framanskráðum atvikalýsingum verður að telja, að ákærði hafi með framferði sínu gerzt brotlegur við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði. En með tilliti til framlagðrar álitserðar dr. Helga Tómassonar um eðli drykkjuskapar ákærða svo og með tilliti til þess, að hann játar greiðlega seinna brotið, þar sem óminni af völdum drykkjunnar háði honum ekki, og enn fremur vegna þess, að hér er um fyrsta dóm, sem ákærði hefur hlotið, að ræða, þykir eftir atvikum mega ákveða, að fullnustu refsingar hans skuli fresta og hún niður falla eftir 5 ár frá uppsögu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldin.

Svipta ber ákærða kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Jón Björnsson verkstjóri hefur lýst yfir því, samanber dskj. nr. 11, að hann muni höfða einkamál á hendur ákærða til greiðslu skaðabóta vegna afleiðinga árásarinnar, og verða honum því eigi tildæmdar bætur í máli þessu.

Þórður Hermann Kristmundsson hefur hins vegar gert skaðabótakröfu, að upphæð kr. 20.000,00, sem sundurliðast þannig samkvæmt dskj. nr. 14:

1. Sjúkrahúslega og önnur læknishjálp	kr. 3.500.00
2. Atvinnutjón	— 6.500.00
3. Líkamsmeiðsli, varanleg ör og drápstilraun	— 10.000.00

Samtals kr. 20.000.00

Engin gögn fylgdu kröfu þessari, og verður hún því tekin fyrir að mati dómsins:

1) Kostnaður vegna sjúkrahúslegu og annarrar læknishjálpar reyndist samkvæmt staðfestum upplýsingum frá Sjúkrahúsi Ísafjarðar kr. 1460.00. Réttmætt þykir að taka þá upphæð alla til greina.

2) Samkvæmt vottorði sjúkrahúslæknisins á Ísafirði, Úlfs Gunnarssonar, kom Þórður Hermann þangað hinn 12. janúar og dvelst þar til 22. janúar, og samkvæmt yfirlýsingu rannsóknardómarans á Ísafirði var Þórður Hermann kominn til Súgandafjarðar til að stunda þar sjóróðra hinn 25. janúar. Er hér því um tæplega ½ mánuð að ræða, sem Þórður Hermann missir af tíma, og ætti hæfilegt atvinnutjón að miðast við tímabilið 12. janúar til 25. janúar 1956.

Miðað við það, að aflamagn línubáta hér um slóðir var sérlega rýrt í janúarmánuði þessum, svo og með hliðsjón af því, að bátur sá, sem Þórður Hermann var ráðinn á, Freyja frá Súgandafirði, var í viðgerð hinn 12. janúar og ósjófær þá um sinn, þykir atvinnutjón hans hæfilega metið á kr. 2500.00, og ber að dæma ákærða til að greiða það.

3) Með tilliti til vottorðs sjúkrahússlæknisins, þar sem ástand Þórðar Hermanns var talið gott, þegar hann útskrifaðist af sjúkrahúsinu, og læknirinn taldi, að hann myndi ekki hljóta varanlegt mein af þessum áverka, svo og vegna þess að ekki þykir rétt að telja hann með öllu saklausan af upphafi rýskinga þeirra milli

hans og ákærða, sem leiddu til líkamsmeiðinganna, þykja bætur til hans vegna þessa liðs kröfunnar hæfilega metnar á kr. 2500.00, og ber að dæma ákærða til að greiða honum þá upphæð. Alls ber því að dæma ákærða til að greiða Þórði Hermanni kr. 6460.00. Vaxta af upphæð þessari hefur ekki verið krafizt.

Þá ber og að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað í máli þessu.

Rekstur máls þessa hefur tafizt nokkuð vegna annríkis dómarsans og af miklum fjarvistum ákærða vegna sjómennsku.

Dómsorð:

Ákærði, Friðgeir Ragnar Guðmundsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Fullnustu refsingarinnar skal fresta, og niður skal hún falla eftir 5 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin.

Ákærði er sviptur kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði Þórði Hermanni Kristmundssyni kr. 6460.00 innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 25. febrúar 1957.

Nr. 26/1957. **Árni Guðmundsson**

gegn

Verkalýðs- og sjómannafélagi Álftfirðinga

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kröfu um frávísun frá héraðsdómi hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 21. janúar þ. á., sem hingað barst 12. þ. m., hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar úrskurði, uppkveðnum í sjó- og verzlunardómi Ísafjarðarsýslu 5. desember 1956, en úrskurður þessi, sem hratt frávísunarkröfu sóknaraðilja, var birtur honum 19. f. m. Virðist sóknaraðili vilja krefjast þess,